



# Tímabundið starfsleyfi

Í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með leyfi til neðangreinds:

**Leyfishafi:** Rangárþing ytra,  
kt: 520602 3050

**Vegna:** Flugeldasýningar og brennu á Gaddstaðflötum, Hellu.

**Ábyrgðaraðili:** Guðni G. Kristinsson, kt. 220865 4219,  
sími: 891 6635

## Starfsemi:

Flugeldasýning

Brenna

## Leyfið gildir:

31.12.2018, kl: 17:00-24:00

31.12.2018, kl: 17:00-24:00

**Starfsemin skal uppfylla neðangreind starfsleyfisskilyrði.**

## Flugeldasýning:

1. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir flugeldasýningu er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluþingvalda fyrir sýningunni.
2. Skylt er að haga allri háværri starfsemi þannig að hún valdi sem minnstu ónæði.
3. Óheimilt er að hefja flugeldasýningu ef vindátt eða veðráttá er óhagstæð að mati lögreglu.
4. Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

## Brenna:

1. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi sýslumannsembættis fyrir brennunni.
2. Ábyrgðarmaður brennu skal sjá til þess að eftirlit sé haft með bálkesti allt frá því að söfnun efnis hefst, á meðan brenna stendur yfir og þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.
3. Óheimilt er að kveikja í bálkesti ef vindur fer yfir 15m/sek. eða vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
4. Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni og ekki nær íbúðarbyggð en 100 m og ekki nær matvælaframleiðslu eða öðrum viðkvæmum rekstri en 400 m. Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hætta er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri eða sinu.



5. Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennustæði, að jarðvegur og gróður skemmist ekki.
6. Fyllstu varúðar skal gætt við bálköst, bæði hvað varðar íkveikju- og mengunarhættu og skal þannig gengið frá brennuefni að ekki sé hætt á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
7. Einungis er leyfilegt er að brenna hreint óvarið timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óleyfilegur eldsmatur.
8. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Óheimilt er að nota hvers konar úrgangsolíu hvort heldur sem er til uppkveikju eða til að viðhalda lög.
9. Brennustæði skal hreinsað svo fljótt sem auðið er að brennu lokinni og eigi síðar en á öðrum degi frá því að kveikt er í bálkesti. Ösku og öðrum úrgangsefnum skal komið til förgunar skv. reglum þar að lútandi.

#### **Almennt:**

1. Leyfishafa er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemi gilda á hverjum tíma og eftir frekari fyrirmælum, eftir því sem við á, heilbrigðiseftirlits, sveitarfélags, byggingarnefndar og/eða Brunavarna um staðsetningu, tímasetningu og búnað er nær til ofangreindrar starfsemi.
2. Breytingar á staðsetningu eða tímasetningu viðburðar skulu gerðar í samráði við leyfisveitendur.
3. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Selfossi, 19. desember 2018,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

# Rangárþing ytra

kt. 520602 3050

Suðurlandsvegi 1, 850 Hella

vegna flugeldasýningar og brennu á Gaddstaðflötum, Hellsu, 31. desember 2018.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 19. nóvember sl. umsókn Guðna G. Kristinssonar f.h. Rangárþings ytra, kt. 520602 3050, um tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu og brennu á Gaddstaðflötum, Hellsu. Embættið hefur áður gefið út tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu og brennu á sama stað á vegum sama aðila.

Móttaka umsóknarinnar var auglýst 20. nóvember sl. á heimasíðu embættisins, [www.hsl.is](http://www.hsl.is). Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og ákvæði reglugerðar nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Í starfsleyfisskilyrðum eru m.a. ákvæði um eftirlit með söfnun í bálköst, leyfilegan eldsmat, mengunarvarnir og hreinsun að brennu lokinni auk ákvæða um lágmarksfjarlægð frá íbúðarbyggð, matvælaframléiðslu og öðrum viðkvæmum rekstri.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 20. nóvember sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra. Samdægurs barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að

gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að tímabundnu starfsleyfi fyrir flugeldasýningu og brennu á vegum Rangárþings ytra á heimasíðu embættisins, www.hsl.is. Auglýsingin var birt þann 20. nóvember sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 18. desember sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 192. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 5. desember sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Rangárþings ytra tekin til afgreiðslu og ákveðið að tímabundið starfsleyfi yrði gefið út í samræmi við umsókn, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 19. desember 2018.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi